




Tyllidagar

Útskýringar á íslenskum
hátíðisdögum og siðum

Islandijos švenčių
paaiškinimai

Enska - English

Pólska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

Arabíska - عَرَبِيّ

Rússneska - Русский

Kúrdíska - کوردی

Litháíska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - ภาษาไทย

Farsi - فارسی

Þorrablót



Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar Íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna Íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali Íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bóndadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímenn. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna Íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfelldur. Þar má nefna blóðmör og lifrarpylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahauser (svið), kæsturhákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri. Þorrablót lá mót

Þorrablót buvo švenčiamas prieš šimtmečius, kai islandai garbino Torą, Skandinavų dievą. Šiais laikais islandai tuo pačiu metu švenčia „Þorrablót“ norėdami paminėti Toro mėnesį (þorri), kuris anksčiau buvo Islandijos kalendoriuje. Senovėje metalai buvo skirstomi į du sezonus – vasarą ir žiemą. Þorri buvo ketvirtasis žiemos mėnuo, kuris prasidėdavo sausio 19-25 d. ir tęsdavosi iki vasario 18-24 d. Pirmoji šventės diena buvo ūkininkų (vyrų) diena. Islandai švenčia „Þorrablót“ valgysdami tradicinį žiemos maistą, kuris buvo vienintelis žiemą prieinamas maistas. Maistas paprastai buvo žuvis ir mėsa, laikomi druskoje ir rūgštyje. Šiandien islandai šventę švenčia su puikiomis pramogomis, jie dainuoja, šoka ir valgo maistą, kuris daugeliui atrodo šlykštus. Pavyzdžiui, kraujinė ir kepeninė dešros, kurios kartu vadinamos „slátur“, svilinta ir virta avies galva (svið), pūdyta rykliena ir avino sėklidės (hrútspungar). Kitas, normalesnis maistas yra ruginė duona, kurią islandai kepdavo pasitelkę gamtinę „krosnį“ – geizerius, jogurtas (skyr), rūkyta aviena ir džiovinta žuvis su sviestu.

Bóndadagurinn

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudegi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

Senajame skandinavų kalendoriuje pirmoji porri mėnesio diena vadinama ūkininkų (vyrų) diena ir visada būna penktadienį, 13-tą žiemos savaitę. Yra susiformavusi tradicija moterims šią dieną dovanoti gėles savo ūkininkui (vyriui).

Konudagurinn

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.

Žmonos (moterų) diena yra pirmoji góa mėnesio diena senajame skandinavų kalendoriuje. Tai yra 18-osios žiemos savaitės sekmadienis, tarp vasario 18-24 d. Vyrams įprasta dovanoti šią dieną gėles savo moterims.



Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu.

Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendur, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límdu eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

Íslandijoje įprasta šią dieną valgyti bandeles (bollur), kepamas iš plikytos arba mielinės tešlos ir užpildytas grietinėle ir uogiene. Viena iš tradicijų buvo gaminti lazdeles (bolluvöndur) iš spalvotų popieriaus juostų, su kuriomis vaikai gaudydavo savo tėvus ir šaukdavo; Bolla! Bolla! Bolla!



Sprengidagurinn
Á þessum degi tíðkast á
flestum heimilum á
Íslandi að elda réttinn
„Saltkjöt og baunir“.

Šią dieną daugumoje
Islandijos namų įprasta
gaminti skaldytų žirnių
sriubą su sūdyta avienos
arba arklienos mėsa
(saltkjöt og baunir).



Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

Šią dieną vaikai persirengia, dainuoja žmonėms ir už tai gauna saldumynų. Buvo įprasta pririšti pelenų maišelį ant žmogaus, o svarbiausia būdavo ji užkabinti taip, kad "auka" nepastebėtų.



Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú.
Síðasti sunnudagur fyrir páska
nefnist pálmasunnudagur.
Fimmtudagur fyrir páska heitir
skírdagur og daginn eftir er
föstudagurinn langi en þá er
frídagur. Páskadagur er sunnudagur
og þá borða börn súkkulaði sem
kallast páskaegg.

Velykos siejamos su krikščionių
tikėjimu. Paskutinis sekmadienis
prieš Velykas vadinamas Verbų
sekmadieniu. Ketvirtadienis prieš
Velykas vadinamas Didžiuoju
ketvirtadieniu, o po jo einantis
ilgasis penktadienis yra nedarbo
diena. Velykos yra švenčiamos
sekmadienį. Tą dieną vaikai valgo
šokoladinius kiaušinius (páskaegg).



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl.

Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetur frjósa saman. Á undanfórnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.

Pirmoji vasaros diena yra pirmoji harpos mėnesio diena, tai yra pirmasis iš šešių vasaros mėnesių pagal senovės skandinavų kalendorių. Pirmoji vasaros diena visada yra ketvirtadienį tarp balandžio 19-25 d. Pasak islandų tautosakos, jei vasara ir žiema kartu užšąla, bus gera vasara. Pastaraisiais metais vietinės bendruomenės švenčia šią dieną rengdamos įvairius festivalius vaikams ir šeimoms.



Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

Jūrininkų diena yra pirmasis kekvienuų metų birželio sekmadienis. Tai yra visų jūrininkų šventė. Daugelis miestelių šią dieną švenčia prie uosto su pramogomis.





17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17.júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

Islandijos nacionalinė diena švenčiama kekvienais metais birželio 17 d. Tai yra Jón Sigurðsson gimtadienis ir yra valstybinė šventė. Birželio 17 d. vyksta įvairių šventinių renginių, skirtų paminėti Islandijos Respublikos įkūrimui 1944 m. birželio 17 d.



Verslunarmannahelgi

Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


Prekybininku savaitgalis yra pirmas rugpjūčio pirmadienis. Tai yra trijų dienų savaitgalis ir yra vadinamas prekybininku savaitgaliu. Nors iš pradžių prekybininku savaitgalis buvo skirtas būtent tik prekybininkams, jis taip išpopuliarėjo kaip kelionių savaitgalis, kad pirmadienis tapo valstybine nedarbo diena. Šis savaitgalis yra populiariausias išvykų savaitgalis metuose ir įvairūs festivaliai organizuojami visoje šalyje.



Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23. desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

Šv. Thorlakur mišios vyksta gruodžio 23 d. Jos skirtos paminėti Þorlák Þorláksson, šventąjį vyskupą, kuris gyveno Skálholti ir mirė šią dieną. Šiandien Šv. Thorlakur diena yra kalėdinio pasiruošimo dalis, kai žmonės valgo rają, o jos kvapas jaučiamas visame mieste.



Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamaturn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.

Kalėdos yra švenčiamos gruodžio 24 d. Kalėdos prasideda šeštą valandą vakaro. Kalėdų maistas dažniausiai yra mėsa, pvz., paukštiena (rjúpa), rūkyta aviena ar kiaulienos nugarinė su garnyrais. Dauguma žmonių leidžia 24 d. vakarą su šeima ir atidaro dovanas po vakarienės. Kalėdiniai papuošimai ypač matomi Islandijoje, o kalėdinės lemputės apšviečia tamsiausias dienas.





Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnst liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

Paskutinė metų diena Vakarų kultūroje yra gruodžio 31 d. Naujųjų Metų išvakarėse prisimenami jau praėję metai ir pasitinkami nauji su vaišėmis ir fejerverkais. Yra įvairių šios dienos tradicijų, o daugelyje vietų yra deginami Naujųjų Metų laužai.

Þrettándinn


Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólinum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

Paskutinė Kalėdų diena yra sausio 6 d. Tuomet paskutinis Kalėdų senelis (Kertasnėkir) grįžta iš žmonių gyvenviečių į kalnus, tuo ir baigiasi Kalėdos. Dažnai vyksta įvairūs užsiėmimai lauke – laužo deginimas, šokiai ir dainavimas. Ten kartais pasirodo elfai, troliai, kalėdų seneliai ir kiti. Žmonės susirenka prie laužo su žibintuvėliais, iššauda paskutinius fejerverkus ir dainuoja kartu Naujųjų Metų ir elfų dainas.





Menntastefna
Reykjavíkurborgar



MML
miðja máls og læsis